

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Stofnanareitur fyrir Grunnskólann í Borgarnesi er stækkaður.
- Stofnanareitur í Bjargslandi fyrir nýjan leikskóla er færður m.t.t. nýs rammaskipulags í Bjargslandi.
- Lögun á verzlunar og þjónustureit suðaustan við gatnamót Snæfellsvegur (Ólafsvíkurvegur) og Þjóðvegur 1 er breytt til að gera lóð byggingarhæfari.
- Athafnasvæði og almennu útivistarsvæði norðan megin við Sólbakka sem sýnt er köflótt á núverandi aðalskipulagi er breytt að hluta til í iðnaðarsvæði og að hluta til í athafnasvæði.
- Reiðleið frá hestahverfi við Vindás sem sýnd er meðfram Þjóðvegi 1 til suðurs er breytt þannig að hún færist frá Þjóðvegi til vesturs.
- Litir hafa verið samræmdir litatöflu skipulagsreglugerðar frá 1998.

Við staðfestingu aðalskipulagsbreytingarinnar fellur úr gildi staðfestur uppdráttur aðalskipulags Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998. Upprunaleg greinargerð staðfest 19. október 1998 gildir áfram.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.